



Bæjarstjórn Kópavogsbæjar

Kópavogi, 18. október 2024
24051201/306.00 Sp

Efni: Minnisblað vegna Roðasala

Á fundi velferðarráðs þann 14.10.2024 var lögð fram til kynningar og afgreiðslu tillaga um að Kópavogsbær endurnýi ekki samning við SÍ um rekstur hjúkrunarheimilisins að Roðasölum í lok mars 2025 heldur framlengi samninginn tímabundið á meðan íbúar flytjast í ný hjúkrunarrými í Boðarþingi (Fylgiskjal 1). Velferðarráð bókaði eftirfarandi:

Sigurbjörg Erla Egilsdóttir lagði fram tillögu um að afgreiðslu málsins yrðir frestað og málinu vísað til umsagnar öldungaráðs Kópavogs. Tillagan var felld með fimm atkvæðum gegn tveimur atkvæðum Sigurbjargar E. Egilsdóttur og Soumiu I. Georgsdóttur.

Hlé var gert á fundi kl. 16:55 og hófst hann aftur kl. 17:03.

Velferðarráð samþykkir fyrir sitt leyti tillögu um að Kópavogsbær endurnýi ekki samning við SÍ um rekstur hjúkrunarheimilisins að Roðasölum í lok mars 2025 heldur framlengi samninginn tímabundið á meðan íbúar flytjast í ný hjúkrunarrými í Boðarþingi og vísar málinu áfram til afgreiðslu í bæjarráði og bæjarstjórn með fimm atkvæðum gegn atkvæði Sigurbjargar Erlu Egilsdóttur og hjásetu Soumiu I. Georgsdóttur.

Hlé var gert á fundi kl. 17:04 og hófst hann aftur kl. 17:13.

Bókanir:

Undirrituð harma að meirihluti fulltrúa í velferðarráði hafni frestun málsins og vísun þess til umsagnar öldungaráðs. Hlutverk öldungaráðs er skv. erindisbréfi að vera „formlegur vettvangur samráðs og samstarfs við bæjarstjórn um hagsmuni aldraðra þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða, framkvæmd hennar og þróun“.

Sigurbjörg Erla Egilsdóttir
Erlendur Geirdal
Soumia I. Georgsdóttir

Rekstur og starfsemi hjúkrunarheimila fellur ekki undir lögbundnar skyldur og þjónustu sveitarfélaga og því teljum við eðlilegasti farvegur þessa máls að fara fyrir bæjarráð og bæjarstjórn.

Björg Baldursdóttir
Svava Halldóra Friðgeirsdóttir



Matthías Björnsson
Hjördís Ýr Johnson
Hólmfríður Hilmarsdóttir

Á fundi bæjarráðs 17. október 2024 var tillagan lögð fram til afgreiðslu. Bæjarráð bókaði eftirfarandi:

„Bæjarráð samþykkir með þrem atkvæðum að vísa erindinu með umbeðnum gögnum til afgreiðslu bæjarstjórnar. Theodóra S. Þorsteinsdóttir og Helga Jónsdóttir sátu hjá við afgreiðslu málsins.“

Eins og fram kemur í bókun bæjarráðs frá 17.10.2024 er óskað eftir að ákveðin viðbótargögn og upplýsingar fylgi með málinu þegar það verður tekið til umfjöllunar í bæjarstjórn þann 22. október nk. Hér á eftir er umfjöllun um þá þætti málsins sem voru til umræðu á bæjarráðsfundi þann 17. október sl. þar sem leitast er við að svara þeim spurningum og vangaveltum sem upp komu.

1. Úttekt Embættis landlæknis á starfsemi Roðasala

Embætti landlæknis framkvæmdi úttekt á starfsemi Roðasala árið 2014 og var úttektin liður í faglegu eftirliti embættisins með starfsemi heilbrigðisstofnana. Fyrir úttektina var leitað eftir ákveðnum upplýsingum frá þáverandi forstöðumanni heimilisins um þætti er varða þjónustu, húsnaði og aðbúnað, mannauðsmál, gæðamál, lyfjamál, skráningu, atvik og öryggismál. Úttektin var framkvæmd í samræmi við kröfufýsingu fyrir öldrunarþjónustu, útgáfu II, frá árinu 2013 og voru ekki gerðar alvarlegar athugasemdir við starfsemina en þó var gerð tillaga til þess að auka starfshlutfall hjúkrunarfræðings á heimilinu. Í úttektinni kemur fram að hvorki sjúkra- né iðjupjálfun voru til staðar á heimilinu.

2. Kröfufýsingar

Heimilið starfar í dag á grundvelli nýrrar kröfufýsingar, útgáfu III sem tók gildi 1. janúar 2017, auk þess sem þjónustuþyngdin hefur aukist mjög mikið og eru allir nema tveir íbúar metnir í hæsta flokk.

Í nýrri kröfufýsingu, sem unnið er eftir í dag segir í lið 2.1 og 2.1.1:

2.1 Hjúkrunarrými

Hjúkrunarheimili og hjúkrunarrými á heilbrigðisstofnunum, hér eftir nefnt hjúkrunarheimili, er heimili fyrir einstaklinga sem þurfa á langvarandi umönnunar- og hjúkrunarþjónustu að halda. Forsenda fyrir dvöl á hjúkrunarheimili er að viðkomandi einstaklingur eigi gilt færni- og heilsumat. Hjúkrunarrými eru tvenns konar. Annars vegar eru rými sem ætluð eru einstaklingum sem þurfa að flytjast á hjúkrunarheimili til langframa. Þeim er tryggð búseta þar til æviloka nema heilsufarslegar eða persónulegar aðstæður breytist og bjóði annað. Hins vegar eru rými til tímabundinnar dvalar sem ætluð eru einstaklingum sem þurfa hvíldarinnlögn eða endurhæfingu með það að markmiði að geta flutt heim aftur.

2.1.1 Hlutverk

Hlutverk hjúkrunarheimilis er að búa einstaklingum, sem ekki geta dvalið á eigin heimili með viðeigandi stuðningi, dvöl og aðstoð við athafnir daglegs lífs og veita þeim viðeigandi heilbrigðis- og félagsþjónustu. Þegar lífslok nálgast er það einnig hlutverk hjúkrunarheimilis að veita líknandi meðferð og meðferð við lífslok til að einstaklingurinn geti haldið reisn sinni og átt friðsælt andlát. Þjónustan skal byggjast á einstaklingsbundnu mati á heilsufarslegum

og félagslegum þörfum íbúans og miða að því að mæta þörfum hans og stuðla að bestu mögulegu lífsgæðum, sjá lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra, og reglugerð nr. 427/2013, um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu.

Velferðarsvið Kópavogs sótti um undanþágu frá kröfulýsingu, í upphafi árs 2017, frá lið 2.1.1, hlutverki hjúkrunarheimila og fékk synjun á erindið, sú synjun var síðar staðfest eftir kæru, og barst eftirfarandi bréf frá Sjúkratryggingum Íslands:

„Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) hafa fjallað um umsókn heimilisins um undanþágu frá kröfulýsingu fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými, útgáfa III frá september 2016.

Um er að ræða kröfu 2.1.1 Hlutverk

Í samræmi við 3. gr. Rammasamnings milli Sjúkratrygginga Íslands og hjúkrunarheimila um þjónustu hjúkrunarheimila hefur SÍ nú lagt mat á undanþágubeiðnina. *Undanþágur geta komið til vegna aðstæðna á þjónustusvæði rekstraraðila, stærðar rekstrareiningar eða annarra atriða sem nauðsynlegt er að taka tillit til.*

Samkvæmt upplýsingum frá velferðarráðuneytinu hefur Sambýli aldraðra Roðasölum heimild til reksturs 11 hjúkrunarrýma fyrir minnissjúka. SÍ getur því ekki fallist á að veita undanþágu frá ofangreindri kröfu.“

Í gildandi kröfulýsingu er einnig ákvæði í lið 2.1.4.1 þar sem kveðið er á um að rekstraraðili skuli veita sólarhringsþjónustu og að hjúkrunarfræðingur skuli vera ábyrgur fyrir hverri vakt. Enn fremur er kveðið á um skyldur rekstraraðila að íbúar skuli eiga kost á endurhæfingu og þjálfun sem eigi að vera á ábyrgð iðjuþjálfara, sjúkraþjálfara og talmeinafræðing eftir atvikum. Líkt og áður hefur verið rakið í minnisblaði (fylgiskjal 1) uppfylla einstaklingsrými Roðasala ekki lágmarkskröfur sem gerðar eru til öldrunarþjónustu. Núverandi skipulag gerir starfsfólki auk þess afar erfitt um vik að beita hjálpartækjum.

Í skjali velferðarráðuneytisins vegna mögulegra undanþága frá kröfulýsingu er skýrt tekið fram að ekki eru veittar varanlegar undanþágur og ekki er hægt að fá neina undanþágu frá kröfum um hlutverk hjúkrunarheimila. Heimilt er að fá tímabundna undanþágu vegna iðju- og sjúkraþjálfunar á meðan rekstraraðili leitar að fólki til starfa. Hafa ber í huga að vegna þátttöku iðjuþjálfara í RAI mati getur skortur á iðjuþjálfum leitt stórfellds tekjutaps rekstraraðila í formi lækkaðs RUG stuðuls og lægri daggjalda.

3. Úttektarskýrsla Vinnueftirlitsins á starfsemi Roðasala

Í skýrslu Vinnueftirlitsins vegna reglubundinnar úttektar frá 21. september 2023 eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

Inniloft - Lýsing & mat á aðstæðum: Vélrænt loftræstikerfi virkar ekki sem skyldi og því eru loftskipti ekki nægileg og loftgæðum ábótavant, m.a. er mjög þungt loft inni á salernum þar sem íbúar fara í sturtu. Íbúar þurfa flestir mikla aðstoð við athafnir daglegs lífs þar á meðal sturtuferðir. Í flestum tilfellum þurfa tveir starfsmenn að sinna hverjum íbúa sem fer í sturtu. Enginn gluggi er í rýminu. Léleg loftgæði geta haft neikvæð áhrif á heilsu starfsfólks.

Hreyfi-og stoðkerfi - Lýsing & mat á aðstæðum: Þrengsli eru inni á baðherbergi þar sem íbúar fara í sturtu. Yfirleitt þarf tvo starfsmenn til að aðstoða við sturtuferðir. Þetta leiðir til þess að starfsfólk þarf oft að nota óheppilegar vinnustellingar (teygja sig fram og boga) við

að athafna sig. Framangreindar vinnuáðstæður skapa slyshættu og hættu á stoðkerfisvanda hjá starfsfólki.

Einnig voru gerðar ýmsar athugasemdir við gólfduk, loftun og annað sem Kópavogsbær bregst við sem atvinnurekandi. Forstöðumaður vekur einnig athygli á því að gerðar hafa verið athugasemdir við eftirfarandi atriði:

- Tilskilin aðstaða til skulunar er ekki til staðar og fer fram inni á starfsmannasalerni.
- Sturtuáðstaðan á heimilinu rúmar illa baðbekk, segllyftara eða önnur fyrirferðarmikil hjálpartæki sem þarf fyrir mikið veika einstaklinga sem þurfa aðstoð tveggja.
- Ekki er gert ráð fyrir því tveir hjólastólar geti mæst sum staðar í húsinu.
- Geymsla fyrir hjálpartæki sem ekki eru í notkun er ekki til í dag en nauðsynlegt er að hafa rúmgóða geymslu þar sem hægt er að geyma þessi tæki svo þau eru ekki skilin eftir hér og þar sem hefur í för með sér óþarfa byltuhættu fyrir íbúa heimilisins.
- Ekki er neitt afdrep (vaktaðstaða) fyrir starfsfólk sem það getur leitað í þegar það er að sinna krefjandi verkefnum eins og deyjandi einstaklingum.

Fyrstu sex mánuði ársins hafa að meðaltali fimm stöðugildi verið fjarverandi vegna langtímaveikinda en starfsfólk hefur einnig verið frá vinnu í skemmri tíma vegna stoðkerfisvanda sem rekja má til aðstoðar við íbúa í aðhlyningu (sjá nánar í fylgiskjali 2). Það er lögbundin skylda vinnuveitanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað skv. ákvæðum laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980.

4. Aldurssamsetning íbúa og hjúkrunarþyngd

Íbúar Roðasala eru tíu talsins, yngsti íbúinn er 65 ára en hinir íbúarnir er á aldrinum 67-82 ára. Tveir íbúanna hafa verið töluvert lengi, annar frá árinu 2013 og hinn frá árinu 2017, einn frá árinu 2019 en allir hinir frá árinu 2021 og síðar. Þrír íbúar voru á bið eftir flutning vegna aukinnar hjúkrunarþyngdar skv. upplýsingum frá aðstoðardeildarstjóra í maí 2024. Tveir íbúar fluttust vegna hjúkrunarþyngdar árið 2023.

5. Afstaða heilbrigðisráðuneytisins til rekstur hjúkrunarrýma í Roðasölum

Velferðarsvið hefur átt í góðum og farsælum samskiptum við fulltrúa Hrafnistu í gegnum árin en aukið samstarf og samvinna er varðar uppbyggingu lífsgæðakjarna sem Hrafnista starfrækir í Boðáþingi sem og starfsemi félagsmiðstöðvar eldra fólks í Boðáþingi hefur eft þann samráðsvettvang enn frekar.

Á vormisseri 2024 hófu fulltrúar velferðarsviðs og Hrafnistu að ræða óformlega sín á milli um stöðu uppbyggingar nýrrar hjúkrunarrýma í Boðáþingi sem og stöðu Roðasala. Í kjölfar þeirra samskipta var ákveðið að óska eftir samtali við heilbrigðisráðuneytið þar sem fýsileiki þess að flytja hjúkrunarrými Roðasala í nýtt og stærra hjúkrunarheimili í Boðáþingi sem er í byggingu, yrði ræddur.

Í kjölfar þeirra samtala þar sem m.a. var rætt við aðstoðarmann ráðherra var ákveðið að senda inn formlegt erindi til heilbrigðisráðuneytisins. Erindi var sent þann 8. maí 2024 þar sem fram kom beiðni um fund með ráðuneytinu (fylgiskjal 3). Í kjölfar þess samþykkti heilbrigðisráðuneytið að hitta fulltrúa velferðarsviðs og Hrafnistu til frekara samtals. Haldinn var fundur í heilbrigðisráðuneytinu þann 22. maí 2024. Fundinn sátu f.h. velferðarsviðs, Sigrún Þórarinsdóttir sviðsstjóri, Jón Kristján Rögnvaldsson skrifstofustjóri starfsstöðva og þróunar og Atli Sturluson skrifstofustjóri rekstrar. F.h. heilbrigðisráðuneytisins sátu fundinn

Þær Elsa B. Friðfinnsdóttir sérfræðingur á skrifstofu heilbrigðisþjónustu og Milla Ósk Magnúsdóttir aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra. Frá Hrafnistu sat fundinn Krístrún Benediktsdóttir forstöðumaður Hrafnistu í Boðáþingi.

Niðurstaða fundar var á þá leið að fulltrúar heilbrigðisráðuneytisins myndu bera tillögu um flutning hjúkrunarrýma frá Roðasölum til Boðáþings, undir heilbrigðisráðherra. Formlegt svarerindi vegna þessa barst velferðarsviði þann 20. júní 2024 (fylgiskjal 4) og þar kemur eftirfarandi fram:

Heilbrigðisráðuneytið hefur fjallað um erindi Kópavogsbæjar um lokun hjúkrunarsambýlisins Roðasala og flutning íbúa í nýbyggingu við hjúkrunarheimilið í Boðáþingi, þegar það húsnæði verður tilbúið.

Heilbrigðisráðuneytið samþykkir hér með lokun rýmanna með þeim fyrirvara að Kópavogsbær tryggi að hjúkrunarrýmum í Roðasölum verði ekki lokað fyrr en flutningur íbúa í hjúkrunarheimilið Boðáþingi er tryggður.

Heilbrigðisráðuneytið óskar eftir að fá upplýsingar um afgreiðslu þessa máls í stjórnsýslu Kópavogsbæjar þar sem ráðuneytið mun fela Sjúkratryggingum Íslands að gera verklókasamning við Kópavogsbæ vegna hjúkrunarsambýlisins Roðasala, ef tillaga um lokun heimilisins verður samþykkt af stjórnvöldum bæjarins.

Samantekt

Starfsemi Roðasala uppfyllir ekki skilyrði kröfulýsingar um hlutverk hjúkrunarheimila. Í Roðasölum búa íbúar í herbergjum sem eru um 14 fm. að stærð og tveir til þrír íbúar deila sameiginlega baðherbergi en fjögur baðherbergi eru fyrir 10 íbúa hússins. Baðherbergi Roðasala eru of lítil svo unnt sé að koma þar fyrir ákveðnum hjálpartækjum þar sem þörf er á. Í Boðáþingi er gert ráð fyrir að stærð herbergja séu 28fm. og öll herbergi eru með 6 fm. einstaklingsbaðherbergi. Boðáþing uppfyllir öll skilyrði kröfulýsingar sem gerðar eru til hjúkrunarheimila.

Í skýrslunni *Skipulag hjúkrunarheimila - Lágmarksviðmið um byggingu og starfsemi hjúkrunarheimila*, kemur fram að æskilegt er að hafa þjónustukjarna fyrir aldraða í tengslum við hjúkrunarheimili. Í því samhengi er vert að benda á að í Boðáþingi er rekin öflug félagsmiðstöð fyrir eldri borgara ásamt 30 rýma dagdvöl. Rekstur og starfsemi hjúkrunarheimila fellur ekki undir lögbundna þjónustu né skyldur sveitarfélaga.

Með vísan í minnisblað, dags. 11. október 2024 (fylgiskjal 1) og það sem hér að framan er rakið telja fulltrúar velferðarsviðs að óraunhæft sé að fara þess á leit við heilbrigðisráðuneytið að taka við rekstrinum enda er húsnæðið töluvert frá því að uppfylla lágmarkskröfur sem gerðar eru í dag og einingin er of smá til bera alla nauðsynlega þjálfun og þjónustu. Þá hefur margoft komið fram og rakið í fyrri gögnum málsins að aðstaða sem starfsfólki Roðasala er boðið uppá er ófullnægjandi og álag vegna þessa óumdeilanlegt.

Lagt er til að Kópavogsbær endurnýi ekki samning við SÍ um rekstur hjúkrunarheimilisins að Roðasölum í lok mars 2025 heldur framlengi samninginn tímabundið á meðan íbúar flytjast í ný hjúkrunarrými í Boðáþingi.

Sigrún Þórarinsdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs



Jón Kristján Rögnvaldsson
Skrifstofustjóri starfsstöðva og þróunar

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 - Minnisblað dags. 11.10.2024

Fylgiskjal 2 - Niðurstöður vinnustaðagreiningar og frumkvæðisathugunar í Roðasölum 2024

Fylgiskjal 3 – Ósk um fund dags. 8.5.2024

Fylgiskjal 4 – Svar heilbrigðisráðuneytisins 20.6.2024

